




Gjaldtaka vatns- og fráveitna

Staða mála varðandi breytingar á lögum

Elín Smáradóttir, hdl.

Fagfundur veitusviðs Samorku 2015



Efnistöð

- Niðurstöður úrskurðaraðila og dómstóla um vatns- og fráveitugjöld og viðbrögð við þeim.
 - Vatnsgjald: Upphaf gjaldtöku og álagningargrunnur (á hvaða eignir má leggja?)
 - Fráveitugjald: Álagningarheimildir
- Viðbrögð Samorku og Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Starf nefndar fulltrúa ráðuneyta, Samorku, Sambands sveitarfélaga og OR
- Frumvörp til breytinga á lögum
- Nýr úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála: Fluggarðar

Vatnsgjald skv. lögum nr. 32/2004 um vatnsveitur

- **6. gr.** Heimilt er að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatns **geta notið**.
- Hvenær er unnt að njóta vatns?
 - OR hefur í gegnum tíðina miðað við það þegar lögn er komin í götu og eigi síðar en við tengingu heimæðar.
 - Greiðsluskylda tekur til allra fasteignaeigenda og frá sama tíma. (byggingarstig 4)
- Á hvaða fasteignir/eignarhluta má leggja?
- Skipta brunavarnir máli?



Upphaf gjaldskyldu vatnsgjalds: Úrskurður IRR

- Hús komið á byggingarstig 4 (fokhelt) í byrjun janúar 2011 og lagt á vatns- og fráveitugjald, enda lóðin þá tengd veitunum.
- Kæra til innanríkisráðuneytis 11. apríl 2011.
- Tengingu heimæðar lokið 26. apríl 2011.
- Úrskurður 20. janúar 2012
Þó lagning heimæðar inn á lóð væri til staðar gæti slík tenging ekki falið í sér að fasteign gæti notið vatns í skilningi 1. mgr. 6. gr., þar sem til þyrftu einnig að koma „*nauðsynlegar tengingar við vatnsveitukerfi vatnsveitu.*“

Upphaf gjaldskyldu vatnsgjalds: Dómar héraðsdóms og Hæstaréttar

- Lögð áhersla á vatnsgjald sem þjónustugjald.
- Þjónustan ekki talin fyrir hendi fyrr en húseign hefur verið tengd, ekki nóg að tengja fasteign (lóð).
- Niðurstaða Hæstaréttar: (vatnsgjald) *verður ekki lagt á nema gjaldandi fái þá þjónustu sem svarar til gjaldtökunnar. Samkvæmt þessu var óheimilt að heimta vatnsgjaldið áður en stefndi naut þjónustunnar með því að eign hans yrði tengd við vatnsveituna og verður því niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest.*
- OR taldi þjónustuna felast í aðgangi að vatni, þ.e. að gjaldskylda hefjist þegar vatnsveita hefur lokið sínu hlutverki og tengt fasteign/lóð.
- Hæstiréttur tekur ekki afstöðu til munar á tengingu fasteignar/lóðar og húss.

Á hvaða eignir (innan lóðar) má leggja vatnsgjald?

- Má undanskilja einstakar byggingar eða byggingarhluta innan lóðar?
- Frístandandi bílskúrar, sem ekki eru tengdir vatni. OR taldi gjaldskyldu fyrir hendi, þar sem fasteignin, lóðin í heild, er tengd og getur notið vatns, sbr. „*fasteignum sem vatns geta notið*“ í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004. Þar með skuli greitt af öllum mannvirkjum á viðkomandi fasteign, óháð því hvort þau séu tengd.
 - Skyldum vatnsveitu enda lokið við lóðamörk, sbr. 5. gr. um rétt á einni heimæð og ákvæði um tengingar lóðarhafa innan lóðar
- Bílskúrararnir í öðrum úrskurði taldir gjaldskyldir vegna fráveitu enda þakrennur og niðurföll tengd henni.

Á hvaða eignir má leggja: Úrskurður IRR

„fasteign telst ekki geta notið vatns í skilningi 1. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 nema hvort tveggja [sé]uppfyllt; að til komi lagning heimæðar annars vegar og í kjölfarið tenging við vatnveitukerfið vatnveitunnar hins vegar. Telur ráðuneytið það sama eiga við jafnvel þó fleiri en ein húsbygging sé skráð með sama fastanúmeri, enda verði þá hver sérstæð bygging að vera tengd við vatnsveitukerfi svo heimilt sé að innheimta af henni vatnsgjald. Hefur ráðuneytið þar ekki síst í huga að við álagningu þjónustugjalda skal tryggja að gjaldtaka sé í sem bestu samræmi við þá þjónustu sem veitt er.“

- Vatnsveitur hafa almennt ekki upplýsingar um það hvort einstakir hlutar fasteigna eru tengdar vatnslögnum.
 - Ómögulegt að afla þeirra eða vakta það hvað er tengt.
 - Engin skylda til að fylgjast með því.
- Þjónustugjöld eiga að standa undir heildarkostnaði við að veita þjónustuna og eru óháð því „*hversu mikið hver notandi raunverulega nýtir sér þjónustuna.*“

Brunavarnir: Úrskurður IRR

- Kostnaður við vatnsveitu væri mun minni ef ekki þyrfti að gera ráð fyrir brunavörnum.
- Vatnsveitu er skylt að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs, sbr. 5. mgr. 5. gr. I. 32/2004, sbr. einnig lög um brunavarnir.
- Ef ekki er heimilt að innheimta fyrir þessum viðbótarkostnaði með vatnsgjaldinu, hlýtur hann að greiðast af sveitarfélagi eða fasteignareiganda beint, á annan hátt.
- Í úrskurði innanríkisráðuneytisins segir að aðgangur að slökkvivatni sé ekki grundvöllur vatnsgjalds:
„greiðsla fyrir þjónustu slökkviliðs verður ekki innheimt með álagningu vatnsgjalds.“
- Sveitarfélög ekki sátt við að greiða veitum sérstakt gjald fyrir brunavarnaþátt vatnsveitna.

Á hvaða eignir má leggja: Dómar héraðsdóms og Hæstaréttar.

Hrd. nr. 396/2013.

- Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því sem varð að gildandi lögum nr. 32/2004 kom jafnframt fram að gjaldtaka vatnsveitna byggðist á almennum sjónarmiðum um „álagningu þjónustugjalda, þ.e. að ekki skuli ákveða í gjaldskrá hærra gjald en sem nemur **meðalkostnaði af að veita þjónustuna**, að teknu tillit til fjármagnskostnaðar og fyrirhugaðs stofnkostnaðar vegna framkvæmda samkvæmt langtímaáætlun.“
- Að virtu orðalagi 1. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004, eins og það verður skýrt í ljósi lögskýringargagna, fer um vatnsgjaldið eftir þeim reglum sem gilda um þjónustugjöld. Af þessu eðli gjaldsins leiðir að það verður ekki lagt á nema gjaldandi fái þá þjónustu sem svarar til gjaldtökunnar. Samkvæmt þessu var óheimilt að heimta vatnsgjaldið vegna bílskúrs stefndu sem ekki er tengdur við vatnsveituna og verður því niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest.

Fráveitugjald skv. lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna

- Samkvæmt 9. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitu skal sveitarfélag hafa **einkarétt** til þess að reka fráveitu í þéttbýli, sbr. 2. mgr. 4. gr.
- Samkvæmt 14. gr. er heimilt að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum sem **tengdar eru eða munu tengjast** fráveitu sveitarfélags.
- Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. er eigendum húseigna þar sem fráveita liggur skylt á sinn kostnað að annast **lagningu og viðhald heimæða fyrir frárennsli að tengingu við fráveitukerfi**.
- Eigandi eða rétthafi lóðar við götu, gönguleið eða opið svæði **þar sem fráveitulögn liggur** á skv. 1. mgr. 11. gr. **rétt á að fá tengingu við fráveitukerfi**.

Fráveitugjald, frh.

- Fráveitugjaldi er ætlað að standa undir hlutdeild í heildarkostnaði af uppbyggingu og rekstri fráveitu á viðkomandi svæði.
- OR telur, að **þar sem fráveitukerfi er fyrir hendi** og eigi síðar en þegar lóð hefur verið tengd og lóðarhafi/fasteignareigandi **á rétt á að tengjast kerfinu**, sé heimilt að innheimta fráveitugjald, burtséð frá því hvort viðkomandi hefur tengst fráveitukerfinu eða ekki.
- OR telur að einstakir fasteignaeigendur geti ekki komist hjá þátttöku í heildarkostnaði með því að tengjast fráveitu ekki, heldur beri þeim að greiða álögð fráveitugjöld, sérstaklega þar sem einkaréttur er til staðar.

Úrskurður í máli nr. 13/2011

Nefnd um hollustuhætti og mengunarvarnir

- Úrskurðarnefnd skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

*„Úrskurðarnefndin telur að í tilviki því sem hér er til úrlausnar, þar sem fyrir liggur að húseign er a.m.k. að hluta tengd **annarri fráveitu** en fráveitu sveitarfélags, megi ljóst vera að sá hluti húseignarinnar sé hvorki tengdur fráveitu sveitarfélagsins né fyrirsjáanlegt að hann muni tengjast því fráveitukerfi og þ.a.l. verði ekki lagt á þann hluta húseignarinnar fráveitugjald.“*

- Einkaleyfi til reksturs fráveitu er hér umhugsunarefni.

Dómar héraðsdóms og Hæstaréttar

- Þegar virt er orðalag 1. mgr. 14. gr. laga nr. 9/2009, eins og það verður skýrt í ljósi lögskýringargagna, fer um fráveitugjald samkvæmt þeim lögum eftir reglum sem um þjónustugjöld gilda. Af þessu eðli gjaldsins leiðir að það verður ekki lagt á nema gjaldandi fái þá þjónustu sem svarar til gjaldtökunnar, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar 28. nóvember 2013 í málum nr. 396/2013 og nr. 397/2013. Samkvæmt þessu var óheimilt að heimta fráveitugjald vegna þeirra hluta húsa á fasteigninni Krókatúni 22-24 sem ekki voru tengd fráveitukerfi áfrýjanda. Samkvæmt þessu verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest.
- Alveg litið framhjá einkarétti til rekstrar fráveitu í þéttbýli.

Vinna við leiðréttingu/endurskoðun gjaldtökuheimilda

- Samorka og Samband íslenskra sveitarfélaga sendu innanríkis- og umhverfisstofnum sameiginlegt erindi þar sem farið var fram á endurskoðun gjaldtökuheimilda.
- Áhersluatriði í erindinu voru þessi
 1. Að gjaldskylda stofnist á tilteknu byggingarstigi nýrra húseigna
 2. Að það sé ekki á forræði húseigenda að ákveða hvort og hvenær húseign sé tengd, heldur ráðist það eingöngu af byggingarstigi
 3. Að það sé skýrt að tekjum vatnsveitu sé m.a. ætlað að standa straum af kostnaði vegna slökkvivatns
 4. Að skýrt sé að greiða skuli vatns- og fráveitugjöld af öllum byggingum og byggingarhlutum innan lóðar/fasteignar sem tengd er

Endurskoðun gjaldtökuheimilda

- Skipaður var (óformlegur) starfshópur vegna málsins. Hópin skipa:
 - Guðjón Bragason, Sambandi íslenskra sveitarfélaga
 - Elín Smáradóttir, Samorku
 - Inga Dóra Hrólfsdóttir, OR Veitum
 - Ólafur Hjörleifsson, innanríkisráðuneyti
 - Umhverfissráðuneyti sendi nokkra fulltrúa, síðast Sigurbjörgu Sæmundsdóttir
- Framan af vinnu hópsins var unnið að útfærslum á lagabreytingum sem skilgreindu þjónustu vatns og fráveitu við tengingu fasteignar
 - Þegar fasteign/lóð væri tengd væri kominn á möguleiki til nýtingar og þá stofnaðist gjaldskylda
 - Samstaða um meginsjónarmið og áherslur.
- Einnig skoðaður möguleikinn á mælingum og innheimtu eftir magni.
 - Þykir óraunhæft vegna kostnaðar.
- Þá var kannað hvort að skilgreina ætti gjaldtökuna sem **skattheimtu** (sbr. gatnagerðargjöld).
 - Skattlagning/gjaldtaka myndi hefjast við tengingu lóðar, enda stendur lóðarhafa þá þjónustan til boða og kostnaður veitu þá þegar orðinn.
 - Grundvöllur gjaldtöku styrktur en í raun ekki breyting á því sem verið hefur.
 - Þótti að lokum ekki raunhæfur möguleiki.

Frumvörp sem nú liggja fyrir

Vatnsveitur:

1. Fasteign telst tengd vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda.
 - Komið til móts við afstöðu Hæstaréttar
2. Greitt er af öllum mannvirkjum á fasteign/lóð, hvort sem miðað er við fasteignamat eða stærð.
 - Ætlað að taka af vafa um að greiða verði af öllum byggingum.

Fráveitur:

1. Heimilt er að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum þar sem tenging er fyrir hendi við mörk fasteignar.
 - Fráveita sér ekki um tengingu í „inntak“ eins og vatnsveita og því ekki sömu skilyrði fyrir upphafi gjaldtöku.
2. Greitt er af öllum mannvirkjum á fasteign/lóð, hvort sem miðað er við fasteignamat eða stærð.

Staða frumvarpanna

Vatnsveitur:

1. Innanríkisráðuneyti hefur ákveðið að leita lögfræðialits á frumvarpsdrögum.
2. Trausti Fannar Valsson, lektor við HÍ hefur verið fenginn til verksins og mun skila álitni í júní.
3. Áhersla af hálfu Samorku/OR/Samb. sveitarf. á að frumvarp verði samþykkt á haustþingi, svo álagning ársins 2016 sé skýr.

Fráveitur:

1. Umhverfissráðuneytið kynnti frumvarpsdrögin á heimasíðu sinni í lok janúar.
2. Ráðuneytin munu verða „samferða“ með frumvörpin

Nýr úrskurður Úua í máli nr 22/2013: Fluggarðar

Fráveitur og rekstur þeirra eru hluti af lögbundnu hlutverki sveitarfélaga og eitt af meginverkefnum í grunnþjónustu sveitarfélags í þágu íbúa þess. Er því mikilvægt að starfsemi þeirra sé í föstum skorðum, eins og endurspeglast í lögum nr. 9/2009, þar sem kveðið er á um heimild fráveitna til innheimtu fráveitugjalds af öllum fasteignum sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélags, eins og vísað var til hér að framan. Óumdeilt er að fasteign kæranda er tengd fráveitu og ber honum því að greiða gjald vegna hennar. Almennt getur sá sem greiðir þjónustugjöld ekki kráfið þess að sá kostnaður sem hlýst af því að veita þjónustuna sé reiknaður nákvæmlega út. **Þarf gjaldtaka hvers og eins notanda þannig ekki að vera í samræmi við notkun hans á fráveitukerfinu heldur er heimilt að byggja gjaldtöku á þeim heildarkostnaði sem almennt hlýst af að veita þjónustuna**, en grundvöllur kostnaðarins er tíundaður í 1. ml. 2. mgr. 15. gr. sem áður er rakin. Samkvæmt gögnum málsins eru heildartekjur fráveitunnar ekki hærrí en kostnaður af þjónustunni og telst gjaldið því lögmætt þjónustugjald samkvæmt áður tilvitnuðum ákvæðum 1. ml. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 9/2009.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið verður kröfu kæranda um ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar hafnað.

HAGSÝNI

FRAMSÝNI

HEIÐARLEIKI